

178 9. nív. Dráttur fer þannig fram, að fyrst er dreginn miði úr hlutastokknum og skal númer hans þegar fært inn í þar til gerða dráttarbók, síðan er dreginn miði úr vinningastokknum, sem segir til hvað unnizt hefur á hið útdregna hlutanúmer og skal það einnig samstundis fært inn í dráttarbókina. Þannig skal haldið áfram unz allir miðar eru dregnir úr vinningastokknum.

Heimilt er þó, ef happdrættisráð leyfir, að draga sér í lagi númer lægstu vinninganna, sem allir eru með jafnhárrí fjárhæð, og skal það gert eftir að allir hærri vinningar eru út dregnir.

Þegar að drætti loknum skal bera númerin og vinningana á miðunum saman við númerin og vinningana, sem færðir hafa verið inn í dráttarbókina og gæta þess að rétt sé innfært. Eftirlitsmennirnir skulu færa í gerðabók happdrættisráðs að þeir hafi gætt að innsiglium á stokknum og að rétt tala miða með réttum númerum og vinningum hafi verið sett í stokkana og hvernig dráttur hafi farið fram.

11. gr.

Vinningaskrá skal gefin út að loknum hverjum drætti og skal hún fást ókeypis hjá öllum umboðsmönnum happdrættisins.

12. gr.

Eigandi miða, sem hlotið hefur vinning, skal snúa sér til þess umboðsmanns, er seldi miðann. Umboðsmaðurinn stimplar þá vinningsmerki á miðann, ritar á hann hver vinningurinn er, dagsetningu og skrifar nafn sitt undir.

Í upphafi hvers árs eiga menn kost á því að kaupa hlutamiða með sama númeri, sem þeir hafa haft næsta ár á undan, ef þeir snúa sér til umboðsmanns happdrættisins á þeim tíma, sem stjórn SÍBS auglýsir. Þetta gildir þó því aðeins að umboðsmaðurinn hafi fengið umrætt númer aftur frá skrifstofu happdrættis SÍBS.

13. gr.

Allir vinningarnir greiðast í vörum og er vöruhappdrætti SÍBS óheimilt að greiða andvirði þeirra í peningum.

14. gr.

Vinninga afhenda einungis viðurkenndir birgðasalar happdrættisins. Ef vinningurinn er ekki ákveðin vörutegund er vinnanda í sjálfsvald sett hvaða vörutegund eða verðmæti hann kys sér af því, er birgðasali hefur á boðstólum fyrir happdrættið. Vinning má ekki afhenda nema gegn stimpluðum og árituðum miða samkvæmt 12. gr. Umboðsmenn happdrættisins skulu láta viðskiptamönnum þess ókeypis í té skrá yfir birgðasalana.

Á vinningaskrá skal auglýst hvenær afhending vinninga hefst. Ef mótmæli koma fram gegn afhendingu vinninga til handhafa hlutamiða, áður en afhending hefst samkvæmt auglýsingunni, skal vinningur ekki afhentur fyrr en 8 vikur eru liðnar frá því að afhending átti að hefjast og skal hann þá afhentur handhafa miðans nema sannað sé, að mál sé þingfest til úrskurðar um eignarrétt vinningsins og skal þá vinningurinn ekki afhentur fyrr en dómsúrskurður er fallinn.

Ef miði, sem vinning hlýtur, hefur glatazt, getur eigandi hans snúið sér til stjórnar SÍBS með beiðni um að fá vinninginn afhentan, en fylgja skal vottorð umboðsmanns, sem seldi miðann, um það, að samkvæmt bókum hans hafi umsækjandi keypt miðann. Slík beiðni þarf að komast í hendur stjórnar SÍBS innan 6 mánaða frá drætti, en hafi vinningur samkvæmt miðanum þegar verið afhentur er beiðnin kom fram, er happdrættið laust allra mála.